

BURÐARÞOLSTEIKNINGAR.

1. EFNISGÆÐI

STEYPUGÆÐI SÉU S200 SAMKVÆMT ÍSLENSKUM STAÐLI ÍST 10. SIGMÁL STEYPU SÉ 50-100 MM.

BENDISTÁL ER KAMBSTÁL Ks40 MEÐ FLOTSPENNU Fy=400 N/MM². AÐKENNT MEÐ K Á TEIKNINGU. OG SLÉTT STÁL St37 MEÐ FLOTSPENNU Fy=230 N/MM². AÐKENNT MEÐ RÁ TEIKNINGU.

VINNA VIÐ JÁRNALÖGN OG STEYPU SÉ SAMKVÆMT ÍST 10.

TIMBURGÆÐI SÉU T20 SAMKVÆMT NORSKUM STÖÐLUM NS 3470 OG NS 3080. TIMBURGÆÐI Í LÍMTRÉBITUM SÉU T30.

2. MERKINGAR



3. UNDIRSTÖÐUR

GRAFA SKAL FYRIR SÖKKULVEGGJUM NIÐUR Á FASTAN BOTN OG HREINSA VEL UNÐAN VEGGJUM ÁÐUR EN MÓT ERU SMÍÐUÐ. GRAFA SKAL ALLAN LAUSAN JARÐVEG ÚR GRUNNI OG FYLLA Í STAÐINN MEÐ BURÐARGÖÐRI FYLLINGU. T.D. MOLDARLAUSRI MÖL EÐA GRÚS. OG ÞJAPPA HANA Í HÆFILEGA ÞYKKUM LÖGUM. ÞANNIG AÐ GÓÐ ÞJÖPPUN NÁIST.

DÝPT Á UNDIRSTÖÐUM SKAL VERA MINNST 1.2 M NIÐUR FYRIR ENDANLEGT JARÐVEGSYFIRBORÐ. NEMA EF KLÖPP ER Í GRUNNI. ÞÁ SKAL DÝPT VERA MINNST 0.3 M NIÐUR FYRIR EFRI BRÚN BOTNPLÖTU.

UNDIR BOTNPLÖTU OG 0.5 M NIÐUR MEÐ ÚTVEGGJASÖKKLUM KOMI 50 MM ÞYKK PLASTEINANGRUN. MEÐ RÚMPYNGD 0.25 KN/M³ (25KG/M³).

EFST OG NEDST Í SÖKKULVEGGI KOMI 2K12 HEIL UM HORN EÐA VÍXLLÖGÐ UM 0.5 M. Í LÁRÉTT STEYPU SKIL SÖKKULVEGGJA KOMI TENGIJÁRN K10%25C. L=1.2 M.

4. BURÐARVEGGIR

STEYPTIR: JÁRN_Í_ÚTVEGGJUM: K10%150 LÁRÉTT K10%300 LÖÐRÉTT

JÁRN_Í_INNVEGGJUM: K8%200 LÁRÉTT OG LÖÐRÉTT

NEMA ANNAD SÉ TEKID FRAM Á TEIKNINGU.

LÖÐRÉTT JÁRN NÁI 0.5 M UPP YFIR PLÖTU.



UPP MEÐ OG UNDIR OP KOMI 2K10 OG YFIR OP 3K10. NEMA ANNAD SÉ TEKID FRAM Á TEIKNINGU.

5. ÞAK

BERA SKAL FÚAVARNAREFNI Á ALLA SPERRUENDA. SAMSEYTI SVÖ OG ÞÆR SPERRUR SEM LIGGJA AÐ STEYPU. BERA SKAL Á TVÆR UMFERÐIR OG LATA ÞORNA VEL Á MILLI UMFERÐA.

LAGNATEIKNINGAR.

1. MERKINGAR



2. FRÁRENNSLISLAGNIR

Í GRUNN: LAGNIR SÉU STEINRÖR. HAMPPÖKKUÐ OG MÚRAÐ YFIR MÚFFUR ALLAN HRINGINN. HEIMILT ER ÞÓ AÐ ÞETTA MEÐ GÜMMÍHRINGJUM. EF MÚFFUR RÖRANNA ERU ÆTLAÐAR TIL ÞESS. LAGNIR SKAL LEGGJA Í ÞJAPPADAN SAND. ÞANNIG AÐ ÞÆR HVÍLI Á BELGNUM EN EKKI MÚFFUM. HEIMILT ER AÐ NOTA PLASTPÍPUR. OG SKAL ÞÁ ALLUR FITTINGS SAMSVARA PÍPUM AÐ GERÐ OG GÆÐUM. FRÁRENNSLISLAGNIR SKAL ÞÁ LEGGJA SAMKVÆMT ÍST 65 MIÐAÐ VIÐ "AUGVELD SKILYRÐI"

OFAN BOTNPLÖTU: LAGNIR SÉU ÚR VIÐURKENNDU PLASTI TIL NOTKUNAR INNANHÚSS. FESTINGAR Á FALLPÍPUM SKULU VERA VIÐ HVERJA GÓLFPLÖTU OG TVÆR Á MILLI PLATNA. EITT ÞENSLUSTYKKI SKAL VERA Á HVERRI HÆÐ. EF SAMSEYTI ERU SÖÐIN SAMAN. ANNARS ER NÆGILEGT AÐ DRAGA RÖR TIL Í MÚFFUM. T.D. 10 MM TIL AÐ TAKA UPP ÞENSLUNA. EITT HREINSILOK SKAL VERA Á HVERRI FALLPÍPU. LÖÐRETTAR FALLPÍPUR SKAL EINANGRA MEÐ 25 MM GLERULLARMOTTUM OG VEFJA MEÐ SÍSALPAPPA EÐA PLASTDUK.

3. VATNSLAGNIR

HEIMÆDARPÍPA FYRIR KALT VATN SÉ ÚR PLASTI. ÞEH.

PÍPUR OG FITTINGS FYRIR HEITT OG KALT NEYSLUVATN INNANHÚSS SKAL VERA GALVANHÚÐAÐ. EINANGRA SKAL PÍPUR MEÐ 20 MM GLERULLARHÓLKUM OG VEFJA SÍÐAN MEÐ SÍSALPAPPA EÐA PLASTDUK. PÍPUR Í VEGGJUM SKULU LIGGJA MINNST 100 MM YFIR GÓLFPLÖTU. ÖLL MÁL Á PÍPUM ERU GEFIN UPP Í MM OG ERU ÞAÐ INNANÞVERMÁL ÞEIRRA. ALLAR TENGINGAR VIÐ HREINLÆTISTÆKI ERU 15 MM. ÁÐUR EN PÍPUTENGINGAR ERU HULÐAR SKAL ÞRÝSTIPRÓFA KERFIÐ MEÐ KÖLDU VATNI OG 8 KG/CM² ÞRÝSTINGI. SKAL HANN STANDA Á KERFINU Í 24 KLST. ÁN ÞESS AÐ FALLA. EFNÍ OG VINNA SÉ Í SAMRÆMI VIÐ GILDANDI REGLUGERÐ UM HEITAR OG KALDAR VATNSLAGNIR.

4. HITALAGNIR

Á ALLA OFNA KOMI LOFTSKRÚFA. STILLITÉ OG SJÁLFVIRKUR OFNLOKI. PÍPUR ERU VENJULEGAR SVARTAR STÁLPIPUR. INNRI ÞVERMÁL PÍPA ERU GEFIN UPP Í MM. ALLAR PÍPUR SKULU VERA HREINAR. OG Í ÞEIM MEGA EKKI RYÐSKÁNIR. VIÐ SKURÐA PÍPUM SKAL SNARAÐ ÚR ENDUM ÞEIRRA. ALLAR PÍPUR SKAL EINANGRA MEÐ 20 MM GLERULLARHÓLKUM OG VEFJA SÍÐAN MEÐ SÍSALPAPPA EÐA PLASTDUK. ÞEGAR LOKID ER LÖGN MIÐSTÖÐVARKERFIS OG ÁÐUR EN PÍPUR ERU HULÐAR, SKAL ÞRÝSTIPRÓFA KERFIÐ MEÐ KÖLDU VATNI OG 6 KG/CM² ÞRÝSTINGI. SKAL HANN STANDA Á KERFINU Í 24 KLST. ÁN ÞESS AÐ FALLA.

HÚSNÆÐISSTOFNUN

RIKISINS

LAUGAVEGI 77, REYKJAVÍK

SÍMI 28500

VERK NR.	TEIKN. NR. 2.000
----------	------------------

ALMENNAR SKÝRINGAR.

HANNAD	STADFERT
REIKNAD	YFIRFARID
TEIKNAD	
KVARDI	

Arnar Jónsson
Gudm. Gunnarsson